



## Reglur um framlög og styrki vegna endurmenntunar starfsmanna Akraneskaupstaðar

### 1. gr.

Innan þess útgjaldaramma sem stofnunum bæjarins er settur í fjárhagsáætlun hvers árs er tekin ákvörðun um fjármuni til endurmenntunar starfsmanna og námskeiðahalds. Forstöðumenn stofnana taka ákvörðun um verkefni og beiðnir sem lúta að námskeiðahaldi, kostnaði vegna námskeiða og ferðastyrki innan þess ramma sem reglur þessar kveða á um. Til grundvallar úthlutunum skal leggja endurmenntunaráætlanir viðkomandi stofnana og þær áherslur sem lagðar eru varðandi fræðslu starfsmanna. Í desembermánuði ár hvert skulu forstöðumenn stofnana skila bæjarráði uppgjöri og skýrslu um ráðstöfun fjármuna til endurmenntunar og námskeiða.

### 2. gr.

Heimildir til ráðstöfun fjármuna til styrkja eða framlaga eru þessar:

- a) Kostnaður vegna námskeiðahalds og endurmenntunar starfsmanna, sem beint tengist starfsemi viðkomandi stofnana í samræmi við endurmenntunaráætlanir.
- b) Framlag vegna utanlandsferðar starfsmanns eða starfsmanna að ósk sviðsstjóra og að fengnu samþykki bæjarstjóra/bæjarráðs vegna viðurkenndra námskeiða, ráðstefna eða annars sem talið er að sé mikilvægt vegna starfsemi stofnunar. Hámarks tímalengd ferðar skal þó ekki fara yfir eina viku og heldur starfsmaður óskertum launum þann tíma og fær greiddan ferðakostnað samkvæmt samkomulagi við sviðsstjóra hverju sinni.
- c) Framlag allt að kr. 30.000 á starfsmann vegna beiðni hans um greiðslu kostnaðar vegna námskeiðs innanlands eða erlendis sem sviðsstjóri metur að gagnist viðkomandi í starfi hans.

### 3. gr.

Þegar námskeið, ferðir eða önnur endurmenntun starfsmanna er skipulögð skal það haft að leiðarljósi að slíkt valdi eins líttill röskun og kostur er á rekstri viðkomandi stofnunar og að kostnaði vegna afleysinga verði haldd í lágmarki. Forstöðumaður stofnunar ber ábyrgð á að kostnaður við endurmenntun sé innan ramma fjárhagsáætlunar viðkomandi stofnunar.

### 4. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal liggja fyrir endurmenntunaráætlun stofnana bæjarins og þau helstu verkefni sem gert er ráð fyrir að verja fjármunum til. Forstöðumenn stofnana skulu kynna reglur þessar fyrir starfsmönnum og gefa þeim kost á að sækja formlega um framlög til verkefna ef endurmenntunaráætlun gerir ráð fyrir einstaklingsbundinni fræðslu.




**5. gr.**

Reglur þessar gilda um aðra starfsmenn Akraneskaupstaðar en starfsmenn grunnskólanna, en sérstakar reglur gilda þar um.

**Þannig samþykkt á fundi bæjarráðs Akraness 5. febrúar 2004  
og staðfest á fundi bæjarstjórnar Akraness 10. febrúar 2004.**

Akranesi, 10. febrúar 2004



---

Gísli Gíslason

Gísli Gíslason, bæjarstjóri